

## ERINDISBRÉF

### stýrihóps verkefnisins Barnvæn sveitarfélög í Mosfellsbæ

#### Inngangur:

Félags- og barnamálaráðherra, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi og bæjarstjóri Mosfellsbæjar hafa undirritað samstarfssamning um verkefnið Barnvæn sveitarfélög.

Á fundi bæjarráðs þann 4. mars 2021 var erindisbréf stýrihóps verkefnisins samþykkt. Með erindisbréfi þessu er stýrihópurinn endurskipaður.

#### Skipan stýrihóps

Stýrihópur verkefnisins hjá Mosfellsbæ er skipaður eftirfarandi fulltrúum:

- Verkefnastjóra Barnvæns sveitarfélags
- Framkvæmdastjóra fjölskyldusviðs
- Framkvæmdastjóra fræðslu- og frístundasviðs
- Framkvæmdastjóra umhverfissviðs
- Fulltrúa meirihluta úr bæjarráði, formaður - Anna Sigríður Guðnadóttir
- Fulltrúi minnihluta úr bæjarráði – Jana Katrín Knútsdóttir
- Verkefnastjóra Farsældarhringsins
- Fjórum fulltrúum ungmennaráðs – tveir yngir en 18 ára og tveir eldri en 18 ára

#### Hlutverk

Hlutverk stýrihópsins er að samræma og stýra innleiðingu Barnasáttmálans innan Mosfellsbæjar.

Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til þess að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og vinna markvisst eftir hugmyndafræði verkefnisins sem byggir á eftirfarandi grunnþáttum:

- Þekkingu á réttindum barna
- Því sem barninu er fyrir bestu
- Jafnræði - að horft sé til réttinda allra barna



- Þátttöku barna
- Barnvænni nálgun

Innleiðingarferlið tekur tvö ár og skiptist í 8 skref, sem Mosfellsbær stígur með það að markmiði að virða og uppfylla réttindi barna. Til að viðhalda viðurkenningunni þarf Mosfellsbær að halda innleiðingunni áfram, setja sér ný markmið og óska eftir nýju mati að tveimur árum liðnum.

### Fyrirkomulag vinnu stýrihópsins


Stýrihópurinn staðfestir greiningarramma vegna kortlagningarinnar, fundar um greiningar starfsmanna og ber megin ábyrgð á innleiðingu skrefanna 8 í samstarfi við UNICEF. Miðað er við að stýrihópurinn fundi allt að fjórum sinnum á ári og upplýsi bæjarráð a.m.k. tvisvar sinnum á ári um framvindu verkefnisins.

Á grunni upplýsinga sem koma fram í kortlagningu innan Mosfellsbæjar og samtali við einstaklinga þvert á svið og þjónustu, velur stýrihópurinn helstu markmið aðgerðaáætlunar verkefnisins. Stýrihópurinn fylgir einnig eftir markmiðunum sem sett eru fram í aðgerðaáætlun Mosfellsbæjar. Fyrsta ár innleiðingarferlisins miðar að því að skipuleggja framkvæmd verkefnisins, það seinna um að uppfylla markmið þess. Innleiðingarferlinu lýkur þegar Mosfellsbær veitir UNICEF skýrslu um framvindu verkefnisins og ef UNICEF metur að innleiðing verkefnisins hafi verið til framdráttar fyrir réttindi barna í sveitarfélaginu og að aðgerðaáætlun hafi verið fylgt hlýtur Mosfellsbær viðurkenningu barnvænna sveitarfélaga.

Eftir innleiðingarferlið heldur vinnan áfram og þá hefst nýtt tveggja ára ferli með nýjum markmiðum og nýrri aðgerðaráætlun.

Að loknum tveimur árum til viðbótar getur Mosfellsbær sótt um að fá að halda viðurkenningunni til tveggja ára til viðbótar.

Mosfellsbæ, 24. október 2022



Regína Ásvaldsdóttir  
bæjarstjóri

